

**Íslandsmót kjölbáta**  
**Siglingafélagið Ýmir**  
**10-14 ágúst 2022**  
**Skerjafjörður og innfirðir**

**TILKYNNING UM KEPPNI**

**1 REGLUR**

- 1.1 Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í *Alþjóða kappsiglingareglum og kappsiglingafyrirmælum SÍL*.
- 1.2 Keppnin verður ekki haldin ef keppnisstjórn hefur ekki yfirsjón yfir keppnissvæðið vegna skerðingar á skyggni.
- 1.3 Ef tungumálum ber ekki saman skal enska útgáfa textans gilda.
- 1.4 Þegar regla 20 gildir, má bátur gefa til kynna þörf fyrir rúm til að stavgenda t.d. með kalli eða bendingum.

**2 KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLI**

- 2.1 Kappsiglingafyrirmælin verða aðgengileg á skipstjórafundi 10/8/2022 klukkan 1800

**3 SAMSKITPI**

- 3.1 Keppnisstjórn birtir upplýsingar á heimasíðu á upplýsingatöflu í húsnæði Ýmis
- 3.2 Keppnisstjórn notar rás 74 fyrir öll samskipti
- 3.3 Á meðan á keppni stendur (tekur gildi við fyrsta viðvörunarflaut) mega keppendur ekki nota talstöðvar eða önnur samskiptatæki nema í neyðaratilvikum og ef allir keppendur fá sömu upplýsingar. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma

**4 HLUTGENGI OG ÞÁTTTAKA**

- 4.1 Mótið er opið öllum kjölbátum .
- 4.2 Bátur skal hafa gilt IRC forgjafaskírteini.
- 4.3 Hlutgenga báta má skrá með því senda tölvupóst með áhafnarlista á [adalsteinn@lyfja.is](mailto:adalsteinn@lyfja.is) ásamt staðfestingu á greiðslu þáttökugjalds fyrir klukkan 21:00 8.8.2022. Gjald greiðist inn á reikning: 536 - 26- 6634 Kt.: 470576-0659
- 4.4 Skráning telst ekki gild fyrir en öllum skráningarskilyrðum er fullnægt og þáttökugjald hefur verið greitt.

**5 ÞÁTTTÖKUGJALD**

- 5.1 Áskilin gjöld eru krónur 7000/áhafnarmedlim. Innifalið í þáttökugjaldi er matur í tengslum við verðlaunaafhendingu 13/8/2022

**6 TAKMARKANIR UM ÁHÖFN**

- 6.1 Heimilt er að skrá varamenn í áhafnarlista

**7 AUGLÝSINGAR**

- 7.1 Bátar gætu þurft að sýna auglýsingar sem skipuleggjendur velja og láta í té.

## **9 TÍMAÁÆTLUN**

**9.1** Skráning: Skráningu lýkur klukkan 2100 þann 8/8/2020

**9.3** Keppnis dagar:

**10. ágúst** 1 – 2 keppnir. Áætlaður tími fyrir viðvörunarmerki er 18:30  
Ekki verður ræst eftir klukkan 20:00

**11. ágúst** 1 – 2 keppnir. Áætlaður tími fyrir viðvörunarmerki er 18:30  
Ekki verður ræst eftir klukkan 20:00

**12. ágúst** 1 – 2 keppnir. Áætlaður tími fyrir viðvörunarmerki er 18:30  
Ekki verður ræst eftir klukkan 20:00

**13 ágúst** 3 – 5 keppnir. Áætlaður tími fyrir fyrsta viðvörunarmerki er 10:00  
Ekki verður ræst eftir klukkan 15:00

**14 ágúst** er varadagur sem verður ekki notaður hafi náðst að sigla 3 umferðir

**9.4** Á síðasta áætlaða keppnisdegi verður ekki gefið viðvörunarmerki eftir klukkan 1500.  
Kærufræstur rennur út klukkan 1600 á síðasta áætlaða keppnisdegi

Borðhald hefst með verðlaunaafhendingu klukkan 1800 13 ágúst .

## **10 MÆLINGAR OG SKOÐUN**

**10.1** Leggja skal fram gilt forgjafarskírteini fyrir hvern bát.

## **11 STIGAGJÖF**

**11.1** Notað er lágstigakerfi skv A4.1 í viðauka A

**11.2** Ljúka þarf minnst 3 umferðum til að mótið teljist lokið og gilt.

**11.3** (a) Þegar færri en 4 umferðum hefur verið lokið telst samanlögð stigatala úr umferðunum sem heildarstigatala í keppninni.

(b) Þegar lokið hefur verið við 5 til 7 umferðir telst samanlögð stigatala úr umferðunum, að undanskilinni lökustu umferðinni, sem heildarstigatala í keppninni.

(c) Þegar lokið hefur verið við 8 umferðir elst samanlögð stigatala úr umferðunum, að undanskildum tveimur lökustu umferðunum, sem heildarstigatala í keppninni.

## **12 BRYGGJUPLÁSS**

**12.1** Bátar skulu geymdir í Ýmishöfn eða Kópavogshöfn á meðan þeir eru í höfn.

## **13 TAKMARKANIR Á AÐ BÁTAR SÉU TEKNIR Á LAND**

**13.1** Kjölbátar skulu ekki teknir á land á meðan mótið stendur yfir nema að fengnu skriflegu leyfi keppnisstjórnar og í samræmi við þá skilmála sem þar eru tilgreindir.

## **14 KÖFUNARBÚNAÐUR OG PLASTLAUGAR**

**14.1** Ekki skal nota öndunarbúnað til notkunar neðansjávar og plastlaugar eða samsvarandi búnað við kjölbáta frá því að undirbúningsmerki fyrir fyrstu keppni er gefið og þar til móti lýkur.

**14.2** Óheimilt er að þvo kjölbáta undir vatnslínu á keppnistíma.

**15** **PERSÓNUVERND**

**15.1** Með skráningu í keppni heimila þátttakendur myndbirtingar á vegum keppnishaldara og SÍL ásamt birtingu úrslita.

**16** **TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR**

**16.1** Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 3, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur án tillits til orsakatengsla.

**17** **VERÐLAUN**

**17.1** Verðlaun verða veitt fyrir 3 efstu sætin

**19** **FREKARI UPPLÝSINGAR**

**19.1** Frekari upplýsingar veitir Aðalsteinn á [adalsteinn@lyfja.is](mailto:adalsteinn@lyfja.is)